



ÁRSRIT 2016

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Sími: 570 7373 – gkg@gkg.is
www.gkg.is



Heimilispakkinn

Ómissandi um jólin



Í Sjónvarpi Símans Premium færðu jólamyndirnar auk 6.000 klukkustunda af frábæru sjónvarpsefni



Sjónvarp Símans Premium



Sjónvarp Símans Appið



Sjónvarpsþjónusta Símans



11 erlendar sjónvarpsstöðvar



Endalaus heimasími



Netið 250 GB



Spotify Premium

Heimilispakkinn

13.000 kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.

Pantaðu Heimilispakkann í síma 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is

Orð formanns

GKG-ingar höfðu ærna ástæðu til að gleðjast á starfsárinu 2015–2016 sem er að líða. Íþróttamiðstöð GKG var vígð í apríl, ungmenni sýndu góð tilbrif á ýmsum mótum og sópuðu til sín verðlaunum, Íslandsmeistari karla – og það í sjöunda sinn sem er met – kemur úr félaginu, félögum fjölgaði á ný svo biðlisti hefur myndast og vottun sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ var endurnýjuð. Allt þetta ber vitni um þróttmikið starf innan félagsins. Þar hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfboðaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþróttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það er ástæða til að þakka.

Í þessu ársriti GKG er greint frá því helsta sem bar við í starfsemi félagsins á starfsárinu 2015–2016.



Finnur Sveinbjörnsson
formaður GKG

EFNISYFIRLIT

4. Skýrsla stjórnar	26. Úrslit Meistaramóts 2016	39. Áritun óháðs endurskoðanda
8. Stjórn og nefndir	28. Nýting valla	40. Rekstraryfirlit
9. Skipting félagsmanna	31. Öldungar 65+	41. Efnahagsreikningur
10. Skýrsla íþróttasviðs	32. Skýrsla vallarstjóra	42. Sjóðsstreymi
19. Kvennanefnd	37. Vallarnefnd	44. Líflegur golfklúbbur (myndir)
21. Mótanefnd	38. Áritun stjórnar	46. Klúbbmeistarar 2016



Frá vinstri: Sigmundur E. Másson varamaður, Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri, Þorgerður Jóhannsdóttir meðstjórnandi, Finnur Sveinbjörnsson formaður, Jón K. Baldursson meðstjórnandi, Símon Kristjánsson ritari, Einar G. Guðmundsson varamaður, Gunnar Jónsson meðstjórnandi, Ragnheiður Stephensen varamaður, Kristinn Jörundsson gjaldkeri og Bergþóra Sigmundsdóttir varaformaður.

Agnar Már Jónsson
framkvæmdastjóri GKG
agnar@gkg.is



Ársrit GKG 2016

Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.

Umbrot: PIPAR/TBWA.

Ljósmyndir: Jón Guðmundsson, Agnar Már Jónsson og myndir frá félagsmönnum.

Prentun: Svansprent.

Sérstakar þakkir: Sigurður Hlökkversson og Harpa Hlín Haraldsdóttir.

Stjórn GKG

Aðalfundur GKG var haldinn 2. desember 2015. Á fundinum var kjörinn formaður til eins árs, þrír meðstjórnendur til tveggja ára og þrír varamenn til eins árs. Stjórnin kys sjálf varaformann, gjaldkera og ritara úr eigin hópi. Stjórnin var þannig skipuð á starfsárinu:

Nafn	Hlutverk	Kjörin(n) til
Finnur Sveinbjörnsson	formaður	2016
Bergþóra Sigmundsdóttir	varaformaður	2016
Kristinn Jörundsson	gjaldkeri	2016
Símon Kristjánsson	ritari	2016
Gunnar Jónsson	meðstjórnandi	2017
Jón K. Baldursson	meðstjórnandi	2017
Þorgerður Jóhannsdóttir	meðstjórnandi	2017
Einar G. Guðmundsson	varamaður	2016
Ragnheiður Stephensen	varamaður	2016
Sigmundur E. Másson	varamaður	2016

Á aðalfundinum lét Guðmundur Oddsson af formennsku í GKG. Hann var formaður félagsins í tíu ár, eða tæplega helminginn af aldri þess, og leiddi það á tímum mikilla breytinga. Þar skal helst nefna ráðningu þriggja framkvæmdastjóra, aukningu árlegrar veltu í rúmlega 200 m.kr., endurnýjun á leigusamningum við ríkið um GKG-svæðið til 20 ára frá 1. febrúar 2015 og síðast en ekki síst gerð samkomulags við Garðabæ og Kópavog um verulega hlutdeild þeirra í fjármögnun á byggingu íþróttamiðstöðvar GKG og yfirumsjón með byggingu hennar. Það var við hæfi að þegar Guðmundur lét af formennsku í GKG tók hann að sér formennsku í byggingarnefnd íþróttamiðstöðvarinnar og leiddi það verkefni til farsælla lykta.

Störf stjórnar

Stjórn GKG hélt 15 stjórnarfundum á starfsárinu. Þá átti stjórnin rafræn samskipti þegar ástæða var til. Að auki funduðu formaður og gjaldkeri reglulega með framkvæmdastjóra auk þess sem einstakir stjórnarmenn gegna mikilvægu hlutverki í nefndum félagsins. Þar skulu sérstaklega nefnd Gunnar sem formaður íþróttanefndar og laganefndar, Jón sem formaður mótanefndar og Þorgerður sem formaður kvennanefndar.

Af hálfu stjórnar var lögð áhersla á að skerpa stjórnskipulag félagsins og skilgreina hlutverk, ábyrgð og samspil stjórnar, nefnda á vegum stjórnar og starfsfólks. Útbúin var skrifleg lýsing á stjórnskipulaginu og er hún sett á vefsíðu GKG. Jafnframt hafa nefndum verið sett markmið. Þá taldi stjórnin ástæðu til að yfirfara lög félagsins og annaðist laganefnd það verkefni. Tillögur laganeftdar að nýjum lögum verða lagðar fyrir aðalfund GKG 2016.





Starfsfólk

GKG hefur á að skipa harðsnúnum hópi starfsfólks:

Agnar M. Jónsson hefur verið framkvæmdastjóri síðan 2012.
Guðmundur Á. Gunnarsson hefur verið vallarstjóri frá 2001.
Úlfar Jónsson hefur verið íþróttastjóri frá 2004.
Guðrún Helgadóttir hefur verið skrifstofustjóri frá 2010.

Þessi fjögur bera þungann af daglegum rekstri GKG. Auk þeirra starfa átta manns hjá félaginu við kennslu og þjálfun, rekstur verslunar, viðhald og viðgerðir á vélum og umsýslu við golfvelli. Á sumrin bætast við á milli 40 og 50 ungmenni sem sinna slætti og annarri umhirðu eða kenna á hinum sívinsælu barnanámskeiðum. Að hluta kemur sumarstarfsfólkið fyrir milligöngu og á kostnað Garðabæjar og Kópavogs en að hluta ber GKG kostnaðinn.

Um langt árabíl hefur sá háttur verið á að GKG hefur lagt veitingamanni til aðstoðu og hann rekið veitingasöluna fyrir eigin reikning. Með nýrri íþróttamiðstöð GKG varð gerbreyping á veitingaaðstöðunni, bæði eldhúsinu og veitingasvæðinu inni og úti. Samið var við Írisi Ágústsdóttur, Ægi Friðriksson og Trausta Víglundsson um að sinna veitingasölu undir merkjum Mulligan sem er vörumerki í eigu GKG. Eftir annasamt sumar ákváðu þau að einbeita sér alfarið að eigin rekstri. Í kjölfarið var samið við Vigni Hlöðversson um að hann tæki að sér veitingasöluna. Fyrir utan að vera þrautreyndur og góður veitingamaður er Vignir gegnheill GKG-ingur. Miklar vonir eru því bundnar við samstarfið við hann.

Ný íþróttamiðstöð GKG

Íþróttamiðstöð GKG var vígð 9. apríl 2016. Bæjarstjórnarnir Ármann Kr. Ólafsson og Gunnar Einarsson fluttu ávörp. Brynjar Eldon, framkvæmdastjóri Gólf sambands Íslands færði GKG árnaðaróskir frá sambandinu. Lárus Blöndal, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands færði GKG árnaðaróskir og afhenti endurnýjaða staðfestingu á því að GKG væri fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Þá flutti Guðmundur Oddsson, formaður byggingarnefndar íþróttamiðstöðvarinnar og fyrrverandi formaður GKG, ávarp og afhenti síðan Finni Sveinbjörnssyni, núverandi formanni

GKG lykil að húsinu. Að því búnu klipptu börn í GKG á borða og staðfestu þannig opnun hússins. Auk formlegrar dagskrár spilaði GKG-ingurinn Magnús Már Harðarson á píanó hússins en hann sá um að afla styrkja fyrir kaupum á því. Einnig flutti tónlistarmaðurinn Hreimur Örn Heimisson nokkur lög og Ingibjörg Fríða Helgadóttir var með söngatriði.

Að lokinni formlegri dagskrá gafst gestum kostur á að skoða húsið og spreyta sig á ýmsum golfþrautum. Talið er að um 1.000 manns hafi komið í húsið þennan dag.

Íþróttamiðstöð GKG er rétt rúmlega 1.400 m² að stærð á tveimur hæðum. Húsið kostaði 668 m.kr. að meðtöldum húsgögnum og öðrum búnaði og frágangi utanhúss auk stækkunar á neðri hæð. Arkitekt hússins er GKG-ingurinn Helgi Már Halldórsson hjá ASK arkitektum og Landark sá um landslagshönnun. GG Verk var aðalverktaki við byggingu hússins. Kostnaðaráætlun og tímaáætlun stóðust nánast upp á dag og krónu sem að mestu leyti má þakka góðum undirbúningi hönnuða og röggsemi byggingarnefndar, framkvæmdastjóra GKG og VSÓ Ráðgjöf sem gegndi hlutverki byggingarstjóra.

Ný íþróttamiðstöð GKG gerbreypir ýmsu í rekstri félagsins: Æfingasvæðið á neðri hæð hússins með golfhermum, púttsvæði og æfingasal gera það mögulegt að halda úti öflugum kennslu- og þjálfunarstarfi árið um kring. Þá geta félagar og aðrir leikið golf sér til yndisauka í skammdeginu í golfhermunum við bestu hugsanlegu aðstæður.

Stór salur ásamt fullbúnum fundarherbergjum og veitingaaðstöðu á efri hæð hússins gera íþróttamiðstöðina að ákjósanlegum stað fyrir hvers kyns fundi og veislur.

Rekstrarkostnaður GKG mun óhjákvæmilega vaxa með stærra húsnæði. Á móti kemur að glæsileg aðstaða eykur ánægju og vellíðan félaga auk þess sem hún skapar félaginu færi á að afla aukinna tekna. Íjóst er að nýja íþróttamiðstöðin getur gerbreytt forsendum í rekstri GKG og stóreflt félagið til hagsbóta fyrir alla félaga.

ÞETTA VERÐUR EKKERT AUÐVELDARA.

ÞÚ VERÐUR BARA BETRI.

MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.



KOLBEINN SIGÞÓRSSON, LANDSLÍÐSMAÐUR Í KNATTSPYRNU



HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR

100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN

HVER SEM ÍÞRÓTTIN ER, ÞÁ ER MÆRKMÍÐIÐ ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM
HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. **MEIRI HLEÐSLA.** MEIRI ÁRANGUR.



HLEÐSLA.IS

Íþróttamiðstöðin er glæsilegt hús sem fellur vel inn í fagurt umhverfi sitt. Þetta fór ekki framhjá umhverfisnefnd Garðabæjar sem veitti GKG viðurkenningu fyrir snyrtilegt opið svæði og umhverfi 2016.

Aðalskipulag Garðabæjar

Drög að nýju aðalskipulagi fyrir Garðabæ voru kynnt opinberlega seint í október 2016. Í drögunum er gert ráð fyrir að hluta af athafnasvæði GKG verði ráðstafað til annarra nota. Í drögunum er ekki ítarlega útfært með hvaða hætti athafnasvæðið skerðist, umfram það að tekið yrði af Mýrinni og æfingasvæðum. Á móti fengi félagið nýtt svæði sunnan við íþróttamiðstöðina. Stjórn GKG hefur þegar gert alvarlegar athugasemdir við drögin. Hún er reiðubúin að vinna með bæjaryfirvöldum að því að finna lausn sem hentar öllum aðilum. Útgangspunktur stjórnarinnar er þó sá að Garðabær á ekki landsvæðið heldur ríkið, félagið er með langtímaleigusamninga við ríkið og Garðabær og Kópavogur hafa nýverið lagt 440 m.kr. til samans í uppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar. Að gefnu þessu öllu er það sjónarmið stjórnar GKG að ekki verði hróflað við athafnasvæði félagsins nema búið verði svo um hnúta að félagið verði ekki lakar sett en áður. Þessu sjónarmiði verður fylgt eftir af festu.



Sjálfbodaliðar

GKG á því láni að fagna að aragrúi félaga og aðstandenda barna og unglinga er reiðubúinn að leggja á sig mikla vinnu í þágu félagsins í sjálfbodavinnu. Hér má nefna aðstoð við mótahald, aðstoð við barna- og unglingastarfið, dómgæslu á mótum, hreinsun á GKG-svæðinu og skipulagningu og utanumhald á þróttmiklu kvennastarfi og starfi eldri kylfinga. Í fyrra og í ár bættust síðan við ótalin handverk við frágang á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar.

Aldrei hefur verið reynt að meta til fjár óeigingjarnt framlag sjálfbodaliðanna til GKG. Ljóst er að það hleypur á milljónum króna á ári hverju. Þótt vinnuframlagið sé vissulega verðmætt, þá er það ekki síður velviljinn og hlýhugurinn í garð GKG sem skiptir máli. Það er gæfa GKG að eiga allt þetta góða og fórnfusa fólk að.

Rekstur og fjármál

Rekstur GKG undanfarin ár hefur verið með ágætum. Á því varð engin breyting á árinu 2016.

Heildarrekrartekjur á starfsárinu námu 236 m.kr. Tekjur af félagsgjöldum námu 138 m.kr. sem er um 58% af heildartekjum. Heildarekrarútgjöld námu 205 m.kr. og því er hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 31 m.kr. Að teknu tilliti til síðasttöldu liðanna nam afkoman tæpum 5 m.kr.

GKG hefur staðið í miklum framkvæmdum á undanförunum misserum. Nú er búið að byggja upp aðstöðu fyrir félagsmenn sem er með því allra besta hér á landi og þó víðar væri leitað. Íþróttamiðstöðin var fjármögnuð með þrennum hætti: Garðabær og Kópavogur leggja fram um 220 m.kr. hvort sveitarfélag. Þessi fjárhæð er verðtryggt og greiddist í fimm jöfnum hlutum á árunum 2016–2020.

GKG tók tvö bankalán. Annað að fjárhæð 440 m.kr. til fimm ára, þ.e. til jafnlangs tíma og greiðsluskuldbindingar sveitarfélaganna sem jafnframt eru til tryggingar láninu. Hitt bankalánið er að fjárhæð 150 m.kr. og er það til 2035, þ.e. til jafnlangs tíma og leigusamningarnir við ríkið um svæðið undir íþróttamiðstöðina,

vélamiðstöðina og golfvöllinn. Íþróttamiðstöðin er veðsett bankanum til tryggingar þessu láni.

Sjálfbodavinnu og vinnu eigin starfsfólks að fjárhæð um 60 m.kr.

Í fyrsta skipti í mörg ár er GKG skuldsett umfram venjulegar rekstrarskuldir. Langtímaskuldir félagsins eru nú 323 m.kr. Á móti kemur inneign hjá sveitarfélögunum upp á kr. 176 m.kr og því eru nettóskuldirnar 177 m.kr. Verulegt framlag kom frá félagsmönnum í formi sjálfbodavinnu. Framlag þetta er ómetanlegt á allan hátt en þó er ljóst að skuldirnar hefðu orðið umtalsvert hærri ef þeirrar vinnu hefði ekki notið við. Það skiptir miklu máli fyrir reksturinn á næstu árum að viðunandi nýting fái út úr rekstri hinnar nýju aðstöðu. Því veltur á miklu að GKG-ingar kunni að meta þessa aðstöðu og sýni það í verki með góðri aðsókn í þá þjónustu sem þar býðst.

Hér á eftir fara skýrslur um störf íþróttasviðs og helstu nefnda á starfsárinu.

Stjórn og nefndir 2016



FORMAÐUR

Finnur Sveinbjörnsson

VARAFORMAÐUR

Bergþóra Sigmundsdóttir

GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

RITARI

Símon Kristjánsson

MEÐSTJÓRNENDUR

Gunnar Jónsson

Jón K. Baldursson

Þorgerður Jóhannsdóttir

VARAMENN

Ragnheiður Stephensen

Einar Gunnar Guðmundsson

Sigmundur E. Másson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Agnar Már Jónsson

SKRIFSTOFUSTJÓRI

Guðrún Helgadóttir

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI

Kristinn Bjarni Heimisson

Guðni Þorsteinn Guðnason

ÍÞRÓTTASTJÓRI/PGA GOLFKENNARI

Úlfar Jónsson

AFREKSPJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI

Derrick Moore

MARKAÐS- OG VIÐBURÐASTJÓRI

Birgir Leifur Hafþórsson

UNGLINGAÞJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI

Haukur Már Ólafsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

MARKAÐSNEFND

Sigmundur E. Másson

Baldvina Snælaugsdóttir

Sigurður Hlöðversson

Ottó Sigurðsson

Lárus Halldórsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Þorgerður Jóhannsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Helga Björg Steingrimsdóttir

Linda B. Pétursdóttir

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Hildur Kristjana Arnardóttir

Sigríður Hjaltadóttir

KYNNINGARNEFND

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Ari Már Torfason

Atli Ágústsson

Bergsveinn Þórarinnsson

Björn Steinar Stefánsson

Eggert Ólafsson

Einar Gunnar Guðmundsson

Einar Vignir Hansson

Guðjón Kolbeinsson

Gunnar Árnason

Haukur Hermannsson

Hafþór Jónsson

Heimir Jón Guðjónsson

Helga Sigurgeirsdóttir

Helgi Már Halldórsson

Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir

Ingibjörg Steinþórsdóttir

Jón K. Baldursson

Jónína Pálsdóttir

Jörundur Þórðarson

Kjartan Bjarnason

Kristrún Sigurðardóttir

Ólafur Arnar Kristjánsson

Ólöf Ásgeirsdóttir

Randver Ármannsson

Sigurður Ásgeir Ólafsson

Sóley Gyða Jörundsdóttir

Sæmundur Melstað

Þorgrímur Björnsson

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

ÍÞRÓTTANEFND

Gunnar Jónsson

Gestur Þórisson

Hólmfríður Einarsdóttir

Sigmundur Einar Másson

FORELDRARÁÐ (undir íþróttanefnd)

Elísabet Arndal

Gyða Guðjónsdóttir

Magnús Þór Scheving

VALLARNEFND

Bjarni Guðmundsson

Ingunn Gunnarsdóttir

Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir

Ottó Sigurðsson

Sigurfinnur Sigurjónsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

Bergþóra Sigmundsdóttir

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

Sóley Gyða Jörundsdóttir

Sverrir Davíð Hauksson

BYGGINGARNEFND

Guðmundur Oddsson

Grétar Leifsson




Einar Gunnar Guðmundsson

Ragnheiður Stephensen

Agnar Már Jónsson

Kristinn Jörundsson

Sigurfinnur Sigurjónsson





Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2016

Markmið barna- og unglíngastarfs GKG: að halda utan um og efla barna- og unglíngastarf klúbbsins. Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:

- Að veita ungu kyflíngum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atléti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir föngum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu ungu kyflínganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra ungu kyflínganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa þeim gott atléti við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglíngamótum GSÍ og unglíngamótaröð GKG.

Íþróttanefnd skipa:

Gunnar Jónsson, formaður
Gestur Þórisson
Hólmfríður Einarsdóttir
Sigmundur Einar Mátsson

Foreldraráð skipa:

Elísabet Arndal
Gyða Guðjónsdóttir
Magnús Þór Scheving

Þjálfarar og leiðbeinendur

Á vetraræfingum störfuðu aðalþjálfarar okkar, Derrick Moore og Haukur Már Ólafsson, og íþróttastjóri, allir PGA menntaðir. Á sumaræfingum voru fjórir aðstoðarleiðbeinendur úr hópi afrekskyflínganna. Á vikulegum golfleikjanámskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 6–12 ára, störfuðu alls 16 afrekskyflíngar úr röðum félagsins, en Sverrir Ólafur Torfason var verkstjóri á námskeiðunum. Fjöldi þjálfara og leiðbeinenda á árinu var því alls 24.

Barna- og unglíngastarf

GKG statar af langfjölmennasta barna- og unglíngastarfi golfklúbba landsins. Því yrði ekki haldið úti án þess að hafa breiðan hóp samvísusamra og góðra leiðbeinenda. Hæfir þjálfarar og leiðbeinendur, öflugt foreldrastarf, stuðningur stjórnar og félagsmanna, allt skiptir þetta miklu máli til að halda úti sterku barna- og unglíngastarfi. Fyrir það ber að þakka sérstaklega.



Hér má sjá skiptingu barna og unglunga 18 ára og yngri í GKG:

Iðkendur	10 ára og yngri		11–18 ára		Samtals 2016	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
2016	264	106	217	81	481	187
Samtals	370		298		668	
Hlutfall	71%	29%	73%	27%	72%	28%

Golfleikjanámskeiðin voru vel sótt, en alls tóku um 380 krakkar 12 ára og yngri þátt í þeim, og var fullbókað á nánast öll námskeið. Iðkendur á leikjanámskeiðunum eru skráðir í GKG. Vel gengur að fá nýja iðkendur á námskeið eða félagsæfingar en erfiðara er að halda þeim, brottfallið er mikið. Þetta er þekkt vandamál í golfinu og eru ýmsar ástæður fyrir þessu, svo sem samkeppni frá öðrum íþróttum og fjárhagur heimila. Erfiðara er fyrir börn að stunda fleiri en eina íþrótt en áður var, fyrir það að hverri íþrótt er sinn mun betur en áður var. Þá er líka samkeppni við annarskonar tólmundastarf en íþróttir. Einnig virðist sem þröskuldurinn frá

æfingunum og yfir á næsta stig, þ.e. að spila á völlum okkar og ná viðunandi framförum sé býsna hár fyrir marga. Þetta á sérstaklega við krakka sem ekki búa að því að hafa aðra kylfinga í fjölskyldunni til að aðstoða við fyrstu skrefin á golfvöllum. Spilæfingar hafa gagngert verið auknar til þess að takast á við þetta, t.d. með því að nota litla völlinn, fá aðstoð afrekskylfinga við spilæfingar og ekki síst vel heppnaðar Texas Scramble spilæfingar í Mýrinni á föstudögum, sem hafa verið mjög vinsælar meðal iðkenda, sér í lagi þeirra sem eru að stíga fyrstu skrefin á völlum.

Öflugt barna- og unglungastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni. GKG einsetur sér að halda forystu í barna- og unglungastarfi og leita áfram leiða til þess að laða að og halda börnum og unglungum í golfi.

Sem fyrr hvetjum við félagsmenn til þess að bjóða börnum, sérstaklega dætrum, barnabörnum og frænkum með á völlum næsta sumar eða í æfingaaðstöðu okkar í vetur og kynna þeim íþróttina.

Keppnir barna og unglunga

Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast íþróttina á eigin forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum upp á umgjörð sem sinnir hvoru tveggja.

Ungmennir fædd
1998, 1999 og 2000
geta nýtt hvatapeninga
til kaupa á korti í
líkamsræktarstöð

Hvatapeningar 2016



Munið að nota hvatapeningana um leið og barnið er
skráð í gegnum Nóra.

Öll börn

á aldrinum 5-18 ára
í Garðabæ fá **30.000 kr.** í
hvatapeninga á árinu 2016

- Hægt er að lækka greiðsluna um leið og barn er skráð í íþrótt- eða æskulýðsstarf hjá þeim félögum sem nýta skráningarkerfið Nóra. Þar á meðal eru Stjarnan, UMFÁ, Klifið, Vífill og Svanir.
- Þeir sem sækja íþrótt- eða æskulýðsstarf annað greiða fullt gjald til félagsins og fá hvatapeninga endurgreidda gegn framvísun kvittunar.

Leiðbeiningar um notkun hvatapeninga eru á vef Garðabæjar, gardabaer.is.



gæfka.is, 2016

OPTIMA

OPTIMA

OPTIMA



Optima er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu
á prentlausnum á Íslandi

Prentbúnaður og heildarlausnir



OPTIMA

Vínlandsleið 6-8 Reykjavík
Glergata 28 Akureyri
Sími 588 9000

RICOH
Ljósritunarvél - Prentarar - Skannar

SCAN COIN
Mynttaliंगा- og flökkunarvél

ROSENGRENS
Öryggis- og peningaskápur

BISLEY
Skjala- og skrifstofuskápur

SecureLine
Öryggisskápur

**WINCOR
NIXDORF**
Kassakerfi

xerox


**KATUN
PERFORMANCE**
Prentvörur



Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Mix mótaraðina í Mýrinni og Egils Kristals unglíngamótaraðina fyrir vanari unglíngana á Leirdalsvelli. Mix mótaraðin er mikilvæg fyrir fyrstu skrefin í keppni þar sem lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagsskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu reglum, halda skor o.s.frv.


Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Kristals mótaraðinni nokkrum sinnum beinum við þeim í Áskorendamótarað GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Íslandsbankamótaraðina, sem eru 36–54 holu mót leikin á tveimur til þremur dögum, ætluð forgjafarlægstu börnum og unglíngum.

Eins og sést á stöplaritinu á GK G flesta þátttakendur á Íslandsbankamótarað unglíngna, en eitt af markmiðum okkar hefur verið að hafa sem breiðastan hóp keppenda í öllum mótaraðum.



Meðalfjöldi keppenda er minni í flestum klúbbum á Eimskipsmótaraðinni en fyrra ár. Eflaust hefur það sitt að segja

að mótum var fjölgað úr 6 í 8 og hversu fáir keppendur tóku þátt í seinustu tveimur mótunum.



Afreksstarf

Kylfingar í afrekshópi GSÍ 2016 voru síðan valdir í Team GK G afrekshóp, en markmið ráðsins var m.a. að styðja enn betur við okkar fremstu kylfinga og veita þeim meira og markvissara aðhald í skipulagningu og þjálfun. Einnig fengu nokkrir kylfingar sem stunda æfingar og keppnir af fullum krafti B-samning.

Birgir Leifur tryggði sér á árinu sjöunda Íslandsmeistararitilinn í höggleik og hefur því sigrað oftast allra Íslendinga. Birgir Leifur lék á Challenge Tour mótaraðinni í sumar og náði best sjötta sæti.

Íslandsmeistararitlar

Árangur okkar fremstu unglíngna var hreint út sagt stórkostlegur, en hvað einstaklingstitla varðar unnu GK G kylfingar 7 titla af



Þeim 12 sem voru í boði:

Íslandsmeistari í holukeppni 14 ára og yngri

Sigurður Arnar Garðarsson
Hulda Clara Gestsdóttir

Íslandsmeistari í holukeppni 17–18 ára

Elisabet Ágústsdóttir

Íslandsmeistari í högguleik 14 ára og yngri

Sigurður Arnar Garðarsson
Hulda Clara Gestsdóttir

Íslandsmeistari í högguleik 15–16 ára

Ingi Rúnar Birgisson

Íslandsmeistari í högguleik 17–18 ára

Hlynur Bergsson

Íslandsmót golfklúbba – stúlkur 15 ára og yngri

Alma Rún Ragnarsdóttir
Eva María Gestsdóttir
Herdís Lilja Þórðardóttir
Hulda Clara Gestsdóttir

Stigameistarar á Íslandsbankamótaröðinni:

Sigurður Arnar Garðarsson, 14 ára og yngri
Hlynur Bergsson, 17–18 ára
Hulda Clara Gestsdóttir, 14 ára og yngri

Klúbbmeistarar GKG

Alfreð Brynjar Kristinsson
Særós Eva Óskarsdóttir


Landsliðssæti

Aron Snær Júlíusson, EM karlalandslið í Lúxemborg
Egill Ragnar Gunnarsson, EM karlalandslið í Lúxemborg
Elisabet Ágústsdóttir, EM stúlknalandslið í Noregi
Hulda Clara Gestsdóttir, EM stúlknalandslið í Noregi
Hlynur Bergsson, EM piltalandslið í Tékklandi


Hér má sjá verðlaunayfirlit úr Eimskips- og



Íslandsbankamótaröðunum, sem og Íslandsmótum golfklúbba:



Hvað heildarfjöldi verðlauna í Íslandsbankamótaröðinni varðar sækjum við að GR og hefur verið góður stígandi ár frá ári hjá



ungu kylfingunum okkar. GKG var með langflestu sigra, alls 13 á tímabilinu.

Það er ánægjulegt að sjá að GKG nær flestum Íslandsmeistaratitlum á árinu 2016.

Æfingaferðir

Æfingaferð til útlanda hefur verið fastur liður í barna- og unglíngastarfinu undanfarin ár, en stór hópur iðkenda og aðstandenda fór í velheppnaða ferð yfir páskana til Morgado í Portúgal. Mikill fjöldi aðstandenda fór einnig með í ferðina og voru alls 100 manns frá GKG í ferðinni! Þessar ferðir hafa ávallt verið velheppnaðar og eru krökkunum mikil hvatning á vetraræfingunum. Krakkarnir safna sjálfir fyrir ferðakostnaði en þjálfarar GKG sáu um æfingaskipulag þá átta daga sem ferðin stóð yfir.

Fjáröflunarmót

Íþróttanefnd stendur árvissit fyrir tveimur mótum til fjáröflunar fyrir barna- og unglíngastarfið. Laugardaginn fyrir meistaramótsviku fer Niðjamótíð fram, en þar spila tveir saman í liði þar sem annar er afkomandi hins (hægt að sækja um undanþágur). Oft er hoppað yfir kynslóðir þannig að afar eða ömmur leika með barnabörnum, sem er mjög skemmtilegt. Þá fór fram þriðja sinni Firmamót barna- og unglíngastarfsins og



Einkakennsla
hjá PGA kennara GKG
30 mín kennslutími
með Trackman
kr. **7.500** per skipti
30 mín kennslutími
án Trackman
kr. **6.000** per skipti
Einstaklingsmiðuð kennsla.

Hópnámskeið
hjá PGA kennara
4 x 1 klst.
hjá PGA kennara,
kr. **14.000**
Hámark 5 manns í hópi.
Fámennur hópur tryggir
persónulega nálgun.

Æfinganámskeið
hjá PGA kennara
8 x 1 klst.
hjá PGA kennara
kr. **12.000**
Hámark 8 manns í
hverjum hópi.
Áhersla á fastan
æfingatíma og góðar
æfingar undir
stjórn PGA kennara.

Gjafabréf fyrir golfara

Kort í Trackman
æfinga- og golfhermi
5 x 30 mín kr. 10.000
10 x 30 mín kr. 20.000

Gjafabréf í kylfumælingu hjá Hauki Má Ólafssyni,
PGA kennara. Fáðu mælingu og ráðgjöf varðandi
búnað sem hentar best hverjum kylfingi.
60 mín kr. 9.750 fyrir félagsmenn GKG,
annars kr. 13.000.
Aðstaða í Trackman æfingahermi er innifalinn.

PGA kennarar GKG sem sjá um kennslu eru:



Sigurpáll Geir Sveinsson



Derrick Moore



Hlöðver Guðnason

Inneignarkort sem hægt er að
ráðstafa að eigin vali hjá GKG
kr. 10.000 eða hærra eftir óskum.



Pantanir og nánari upplýsingar eru hjá íþróttastjóra GKG, Úlfari Jónssyni, ulfar@gkg.is eða 8629204.



tókst betur til en nokkru sinni. Mótið er mjög mikilvægur þáttur í fjáröflun starfsins og því full ástæða til þess að halda því áfram og enn má bæta við.

Eldri kylfingar (LEK)

GKG á breiðan hóp kylfinga sem keppir í mótariðum LEK. Ánægjulegt er að GKG átti fjóra kylfinga í landsliðum Íslands.

Landsliðssæti

María Málfríður Guðnadóttir, EM kvenna 50 ára og eldri í Austurríki

Þorsteinn Reynir Þórsson, EM karla 55 ára og eldri í Noregi

Guðlaugur Kristjánsson, EM karla 55 ára og eldri í Noregi

Gunnar Páll Þórisson, EM karla 55 ára og eldri í Noregi

Helgi Svanberg Ingason, EM karla 55 ára og eldri í Noregi

Í Íslandsmótum golfklúbba eldri kylfinga náðu konurnar 3. sæti í 1. deild kvenna sem fór fram í Öndverðarnesi, en karlarnir luku keppni í 6. sæti í 1. deild sem fór fram í Grindavík.

Æfingaaðstaða

Íþróttamiðstöðin hefur gjörbylt öllu starfi GKG, hvort sem er fyrir uppbyggingarstarf, afreksstarf eða hinn almenna félagsmann. Framundan er fyrsti veturinn þar sem æfingar fara fram í nýju aðstöðunni. Í sumar nýttust fundarherbergi einstaklega vel til funda og fyrirlestra fyrir keppnishópana.

Æfingaaðstaðan í Kórnum er okkur áfram mjög mikilvæg, en æfingar barna- og unglingsstarfsins verða bæði þar og í íþróttamiðstöðinni. Flestöll námskeið sem haldin verða seinnipart dags eða kvöld á vegum GKG verða í Kórnum, svo aðgengi félagsmanna til æfinga í íþróttamiðstöðinni verði sem best.

Einnig höfum við útbúið líkamsræktaraðstöðu á neðri hæðinni sem hentar þörfum kylfinga til að styrkja og liðka sig.

Á heimasíðu GKG verða upplýsingar um hvenær opið er í Kórnum og í íþróttamiðstöðinni.

Almenn námskeið

Boðið var upp á fjölmörg námskeið fyrir félagsmenn í Kórnum yfir vetrarmánuðina og í sumar. Hlökkver Guðnason bar hitann og þungann af þeim og fer mjög gott orð af þeim námskeiðum sem hann sá um. Með nýrri aðstöðu blásu við til sóknar hvað námskeið varðar og höfum ráðið Sigurpál Geir Sveinsson PGA golfkennara til starfa. Í boði verða hópa- og einstaklingsnámskeið af ýmsu tagi, með notkun Trackman golfherma eða án. Hlökkver verður einnig með fjölbreytt námskeið í boði.

Nýliðanámskeið

Nýliðanámskeið voru haldin í vor fyrir nýja félagá sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfsemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 45 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið í vor.

Að lokum

Með nýrri æfinga- og félagsaðstöðu hefur golftímabil félagsmanna GKG lengst til muna og nú er svo sannarlega hægt að æfa og leika golf í bestu mögulegu golfhermum sem finnast, Trackman. Einnig styrkist félagsstarfið til muna. Því hefur aldrei verið jafn gott að vera félagsmaður í GKG og vonandi sjáum við sem flesta nýta sér aðstöðuna sem best í vetur og í framtíðinni.

Við þökkum starfsmönnum, nefndarmönnum og ekki síst sjálfboðaliðum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Áfram GKG!

f.h. íþróttasviðs,

SÉRLAUSNIR

SNIDNAR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM

**GLUGGAR, HURÐIR
OG GLER**

BÍLSKÚRSHURÐIR

**GLER- OG
FELLIVEGGIR**

KLÆÐNINGAR

TIMBUR

PLÖTUR

STÁL

EINANGRUN

ÞAKEFNI

LAGNAVÖRUR

OFNAR

LEIGUMARKAÐUR

VIÐ LEYSUM MÁLIÐ MEÐ ÞÉR



byko.is

REYNSLUMIKIÐ STARFSFÓLK
ÚRVALS ÞJÓNUSTA

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Skýrsla kvennanefndar GKG fyrir árið 2016

Ný kvennanefnd GKG tók til starfa milli jóla og nýárs og skipti strax með sér verkum. Hana skipa Þorgerður Jóhannsdóttir, formaður, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, varaformaður, Helga Björg Steingrímsdóttir, ritari, Linda B. Pétursdóttir, gjaldkeri, Bryndís Ósk Jónsdóttir, Hildur Kristjana Arnardóttir og Sigríður Hjaltadóttir, meðstjórnendur. Þetta eru allt kjarnakonur sem allar eru tilbúnar að leggja sitt af mörkum til að skapa skemmtilega stemningu í kringum GKG-konur. Starf nefndarinnar er sjálfboðaliðastarf en starfið er að sama skapi mjög gefandi og skemmtilegt, sérstaklega þegar viðtökur eru jafngóðar og þær voru. Hróss og klapp á öxl er okkur afar dýrmætt en ekki síður viljum við líka heyra af því sem konum finnst ekki vera að virka eða megi betur fara.

Nýbreytni

Sú nýbreytni var í kvennastarfinu að við gerðum samninga við tvo styrktaraðila fyrir sumarið: TARAMAR, sem er íslenskt sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á afburða hreinum lífvirkum húðvörum sem draga úr sjáanlegum áhrifum öldrunar, og Freixenet freyðivín frá Víntríó. Þökkum við þessum fyrirtækjum sem og öllum öðrum fyrirtækjum sem gáfu okkur vinninga í sumar fyrir veittan stuðning. Þetta var ómetanlegur stuðningur og án stuðnings fyrirtækjanna væri erfitt að halda starfi sem okkar gangandi.

Fastir tímar

GKG-konur eru með fasta tíma á þriðjudögum. Frá janúarbyrjun fram að páskum vorum við með námskeið í umsjón mæðginanna Hauks Mús Ólafssonar, PGA golfkennara, og Maríu Guðnadóttur í Kórnum. Nú sem endranær var mikil ánægja með störf þeirra mæðgininna og konur mjög duglegar að mæta. Eftir að námskeiðinu lauk tók við 4 kvöldla puttímótarið.

Skemmtanir

Skemmtikvöld var haldið í glænýjum golfskála okkar á Mulligan síðasta vetrardag. Hófið hófst með fordrykk frá Freixenet sem var annar samstarfsaðili okkar GKG-kvenna í sumar og handsalaður var samningur við TARAMAR. Um 130 konur mættu og skemmtu sér mjög vel. Helga Möller var veislustjóri kvöldsins, nýju

rekstraraðilarnir Ægir og Trausti og þeirra fólk sá um glæsilegan mat og þjónustu og stjórnin sá um tiskusýningu á golfatnaði og skóm.

Í sumar voru fastir golftímar alla þriðjudaga í Mýrinni og mót síðasta þriðjudag frá maí til ágústloka. 31. maí héldum við Freixenet – Texas scramble-mót. 28. júní héldum við Freixenet – einstaklingsmót með hámarksförgjöf 54. 26. júlí héldum við Freixenet – punktamót og að lokum 30. ágúst héldum við Freixenet – bleikt og bling, og krýndum þar fröken „bleikt og bling“.

Vinkvennamót

Tvö vinkvennamót voru haldin með Oddskonum og Mosfellskonum. GO-konur unnu vinkvennakeppnina þetta árið en GKG-konur unnu mótið við GM-konur. Óvissuferð var farin í Borgarnes 12. ágúst og komust færri að en vildu þangað. Áttum við góðan dag á Hamri sem lauk með glæsilegum kvöldverði á Hótel Hamri og voru allar konur leystar út með húfum og prufum frá TARAMAR sem gaf okkur einnig öll verðlaunin í mótið. Sumardagskránni lauk með TARAMAR lokamóti á Leirdal sunnudaginn 11. sept. og lokahófi föstudaginn 16. sept. á Mulligan. Þar vorum verðlaunaafhendingar fyrir lokamótið og Mýrarspilið, nutum góðs matar að hætti vertanna og Hreimur Örn Heimisson söng fyrir okkur.

Eitt af markmiðum kvennanefndar GKG er að fjölga konum í klúbbum. Með það í huga buðum ungum íþróttakonum úr handboltadeild Stjórnunnar í kennslu og kynningartíma til okkar. Hlökkver Guðnason kenndi þeim undirstöðuatriðin, m.a. gripið og sveifluna. Stjórnustúlkur voru mjög áhugasamar og sýndu góð tilþrif, upprennandi golfarar.

F.h. kvennanefndarinnar vil ég að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi okkar í sumar og gert það jafn glæsilegt og raun varð. Fyrst og fremst hinni einu og sönnu GKG-konu sem mættir í viðburðina okkar, án hennar væri ekkert kvennastarf, strákunum í skráningunni í búðinni sem eru alltaf jafn góðir og þolinmóðir þegar við hringjum í þá og eða mætum á staðinn, ræsumum sem aðstoða okkur við að ræsa út í mótin, stjarna í kringum okkur og passa líka uppá að við höldum leikhraðanum og öllu starfsfólki GKG – þið eruð frábær. Hlökkum til næsta árs.

Kveðja, Þorgerður Jóhannsdóttir



Sumt þolir bara enga bið

Það er auðvitað alltaf skynsamlegt að spara og eiga fyrir hlutunum. En lífið passar ekki alltaf vel í Excel-skjal og stundum þarf einfaldlega að bregðast hratt við, bjarga málum eða grípa tækifæri. Þá koma raðgreiðslur Borgunar til sögunnar og brúa bilið.

 **Raðgreiðslur**



BORGUN

Störf mótanefndar 2016

Sumarið 2016 var mjög gott golfsumar með nýrri frábærri aðstöðu og veðri eins og best var á kosið. Nýja íþróttamiðstöðin hefur gjörbylt allri starfsemi og þar á meðal mótahaldinu. Mót voru fleiri en nokkru sinni áður af ásettu ráði. Þar var aðallega tvennt sem skipti máli, annars vegar að vegna framkvæmda árið 2015 voru mót mun færri það ár en árin á undan, m.a. var ákveðið að taka ekkert GSÍ mót, og hins vegar var eðlilegt að markaðsfæra völinn og aðstöðuna með fleiri mótum eftir opnun nýrrar

íþróttamiðstöðvar. Óhætt er að segja að það hafi tekist þar sem eftirspurn eftir að fá að halda mót á völlum GKG hefur aukist verulega og í ljósi þess má segja að verðmæti mótatíma hefur aukist fyrir næsta tímabil. Tekjur vegna mótahalds eru nauðsynlegar klúbbnum sem innlegg í rekstur hans en heildarinnkoman á árinu 2016 var á við árgjöld frá um 180 fullborgandi félögum.

Samantekt yfir heildarfjölda mótadaga eftir tegundum móta má sjá í töflunni hér að neðan:



Tegund móts	Völlur	Samtals dagar		Mismunur
		2015	2016	
Fyrirtækjamót	Leirdalur	6	10	4
GSÍ mót	Leirdalur	0	6	6
Kvennamót	Leirdalur	2	3	1
LEK mót	Leirdalur	0	1	1
Öldungamót	Leirdalur	2	2	0
Opin mót	Leirdalur	7	7	0
Unglingamót	Leirdalur	9	6	-3
Innanfélagsmót, önnur	Leirdalur	22	20	-2
Leirdalur samtals		48	55	7
Kvennamót	Mýrin	4	4	0
Öldungamót	Mýrin	0	2	2
Unglingamót	Mýrin	8	6	-2
Innanfélagsmót, önnur	Mýrin	6	8	2
Mýrin samtals		18	20	2
Samtals alls		66	75	9

Fjöldi mótadaga sem mannaðir voru með sjálfboðaliðum frá mótanefnd árið 2016 voru 24 sem var fjölgun um 10 frá árinu 2015. Sjá nánar í eftirfarandi töflu:

	2014	2015	2016	Breyting frá 2015
Mótadagar sem mannaðir voru með sjálfboðaliðum frá mótanefnd	20	14	24	10



Njóttu lífsins í sundlaugum Kópavogs

Opið

virka daga: 06.30–22.00
um helgar: 08.00–18.00 á veturna
08.00–20.00 á sumrin

Sund er dásamleg líkamsrækt, hvort sem þú vilt ná þér í holla hreyfingu, slökun og vellíðan í þægilegu umhverfi eða bara busla og skemmta þér!

Sundlaug Kópavogs og **Sundlaugin Versölum** bjóða frábæra aðstöðu, vatnsrennibrautir og heita potta. **Komdu í sund!**

Sundlaug Kópavogs

Borgarholtsbraut 17-19
Sími 570 0470

Sundlaugin Versölum

Versölum 3
Sími 570 0480



Sundlaugar Kópavogs

kopavogur.is

Munaði þar mestu um tvö stór GSÍ mót þ.e. Íslandsmót golfklúbba, 1. deild kvenna (hét áður sveitakeppni) og Íslandsmót unglunga. Bæði þessi mót fóru hnökralaust fram og tókust með ágætum. Mikill metnaður var lagður í að gera þessi mót sem best úr garði og má nefna að regluleg stöðutaka var eitt af lykilatriðum í því sambandi þannig að áhorfendur og aðrir áhugasamir gætu fylgst með framvindu mála en slíkt krefst þess að vel sé mannað. Alls komu 14 sjálfboðaliðar að dómgæslu og öðrum störfum á Íslandsmóti golfklúbba og 24 á Íslandsmóti unglunga.

Í ár var áfram lögð áhersla á að gera innanfélagsmótunum hátt undir höfði og manna þau vel. Mikil áhersla var lögð á að halda góðum leikhraða. Hjóna- og parakeppnin hefur unnið sér framfarissess hjá klúbbum sem eitt vinsælasta innanfélagsmótið en í það komust færri en vildu. Það var haldið 21. maí að þessu sinni og sannaðist þar svo ekki varð um villst að hinn frábæri GKG andi hafði heldur betur varðveist milli ára. 136 kylfingar gátu skráð sig til leiks að þessu sinni en aðeins 88 árið á undan.

Stærsta mót ársins eins og undanfarin ár var án efa meistaramótið sem spannaði heila viku þ.e. dagana 3.–9. júlí. Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi í nokkrum flokkum, m.a. var aldur færður niður í 50 ár í yngri öldungaflokki karla og niður í 65 ár í efri öldungaflokki karla, auk þess sem leikfyrirkomulagi í öllum öldungaflokkum var breytt í högggleik með forgjöf. Fjölgað var um einn dag í flokkum unglunga 13–18 ára þannig að spíladagar voru samtals 4 í hverjum flokki. Breytingarnar féllu í góðan jarðveg og tókst mótið mjög vel í alla staði ef undan eru skilin örfá agabrot. Veðrið var að mestu mjög gott og myndaðist oft frábær stemning á nýju svölunum þegar kylfingar voru að koma upp 18. holuna. Í mótið voru skráðir 314 sem er sambærilegur fjöldi og árið 2015 eða einum færri.

Hinum vinsælu punktamótum, sem hófu vegferð sína á síðasta ári fyrir frumkvæði Eggerts Ólafssonar, var haldið áfram í ár og var fastur kjarni sem tók þátt flesta mánudagana sem punktamótin voru haldin. Eggert hélt utan um punktamótaröðina og var jafnframt mótsstjóri.

Dags.	Mót	Fyrirkomulag	Hringir	Tegund
29.4.2016	Dagnýjarbikarinn	Punktakeppni	1	Almennt
7.5.2016	Opnunarmót GKG	Punktakeppni	1	Almennt
21.5.2016	Hjóna- og parakeppni GKG	Betri bolti	1	Innanfélagsmót
27.5.2016	Jónar Transport	Texas scramble	1	Almennt
31.5.2016	Freixenet – Texas Scramble-mót	Texas scramble	1	Kvennamót
04.06.2016	Sumarsólstöðumót Stella Artois	Texas scramble	1	Almennt
8.6.2016	Öldungamót GKG	Punktakeppni	1	Innanfélagsmót
10.6.2016	Hekla – boðsmót	Almennt	1	Almennt
11.6.2016	Opna Íslandsbankamótið	Punktakeppni	1	Almennt
15.6.2016	Egils Kristals mótaröðin (1)	Almennt	1	Unglingamót
16.6.2016	Vinkvennamót GKG og GO	Punktakeppni	1	Kvennamót
16.6.2016	Mix mótaröðin (1)	Punktakeppni	1	Unglingamót
16.6.2016	Mix mótaröðin (1B)	Punktakeppni	1	Unglingamót
19.6.2016	Undankeppni holumeistaramóts GKG	Punktakeppni	1	Innanfélagsmót
